



Reykjavík, 9. júlí 2018
USK2018070014

Borgarráð Reykjavíkur
Tjarnargötu 11
101 Reykjavík

Hér með sendist útskrift úr gerðabók Umhverfis- og heilbrigðisráðs frá 4. júlí 2018 varðandi eftirfarandi mál.

Gjaldskrá vegna djúpgáma

Lagt fram bréf umhverfis- og skipulagssviðs, skrifstofu umhverfisgæða dags. 25. júní 2018 ásamt tillögu að viðbótar gjaldaliðum í gjaldskrá um meðhöndlun úrgangs í Reykjavík fyrir djúpgáma.

Samþykkt með fjórum atkvæðum fulltrúa Pírata Sigurborgar Óskar Haraldsdóttur, fulltrúa Samfylkingarinnar Kristínar Soffíu Jónsdóttur og Magnúsar Más Guðmundssonar og fulltrúa Vinstri Grænna Lífur Magneudóttur, gegn þremur atkvæðum fulltrúa Miðflokksins Vigdísar Hauksdóttur og fulltrúum Sjálfstæðisflokksins Mörtu Guðjónsdóttur og Egils Þórs Jónssonar.

Fulltrúar Sjálfstæðisflokksins og Miðflokksins í Umhverfis- og heilbrigðisráði gera með sér eftirfarandi bókun: Umræða um djúpgáma er algjörlega vanreifuð og ekki tímabært að ákvarða gjaldskrá á þeim grunni. Um stefnubreytingu er að ræða um meðhöndlun úrgangs og óljóst hvernig kostnaður af verkefninu fellur. Má færa fyrir því rök að hér sé einungis byrjunin á íþyngjandi gjaldtöku fyrir borgarbúa sem er dulin skattheimta.

Fulltrúar Samfylkingar, Kristín Soffía Jónsdóttir, Magnús Már Guðmundsson, fulltrúi Vinstri Grænna, Líf Magneudóttir og fulltrúi Pírata, Sigurborg Ósk Haraldsdóttir bóka: Fjölmargir framkvæmdaraðilar á þéttingarreitum hafa kosið að koma sorphirðu fyrir neðanjarðar. Samkvæmt lögum þarf gjaldskrá að endurspeglar raunverulegan kostnað við hirðu. Í ljósi þess að hirða á djúpgámum er hagkvæmari er lögð fram ný gjaldskrá fyrir þá sem þarf að liggja fyrir áður en þeir eru teknir í notkun. Vísað til borgarráðs.

F.h. umhverfis- og skipulagssviðs


Björgvin Rafn Sigurðarson



Reykjavíkurborg
Umhverfis- og skipulagssvið

Fylgiskjöl: Gjaldskrá fyrir meðhöndlun úrgangs í Reykjavíkurborg ódagssett og bréf Umhverfis- og heilbrigðisráðs Reykjavíkur dags. 25. júní 2018

GJALDSKRÁ

fyrir meðhöndlun úrgangs í Reykjavíkurborg.

1. gr.

Innheimta skal gjald fyrir meðhöndlun úrgangs í Reykjavíkurborg svo sem nánar greinir í gjaldskrá þessari.

2. gr.

Gjald fyrir *blandaðan heimilisúrgang*:

Gjaldflokkur nr.	Tegund íláts og hirða	Gjald kr./ílát á ári
A.1	120 l spartunna, sótt minna en 15 metra frá hirðubíl á 14 daga fresti	13.100
A.2	120 l spartunna, sótt meira en 15 metra frá hirðubíl á 14 daga fresti	17.700
A.3	240 l grá tunna, sótt minna en 15 metra frá hirðubíl á 14 daga fresti	23.300
A.4	240 l grá tunna, sótt meira en 15 metra frá hirðubíl á 14 daga fresti	29.000
A.5	660 l ker, sótt minna en 15 metra frá hirðubíl á 14 daga fresti	64.075
A.6	660 l ker, sótt meira en 15 metra frá hirðubíl á 14 daga fresti	79.750

Gjald fyrir *flokkaðan heimilisúrgang*, pappírsefni:

Gjaldflokkur nr.	Tegund íláts og hirða	Gjald kr./ílát á ári
B.1	240 l blá tunna, sótt minna en 15 metra frá hirðubíl á 21 dags fresti	9.400
B.2	240 l blá tunna, sótt meira en 15 metra frá hirðubíl á 21 dags fresti	13.200
B.3	660 l blátt ker, sótt minna en 15 metra frá hirðubíl á 21 dags fresti	25.850
B.4	660 l blátt ker, sótt meira en 15 metra frá hirðubíl á 21 dags fresti	36.300

Gjald fyrir *flokkaðan heimilisúrgang*, plastefni:

Gjaldflokkur nr.	Tegund íláts og hirða	Gjald kr./ílát á ári
C.1	240 l græn tunna, sótt minna en 15 metra frá hirðubíl á 21 dags fresti	7.800
C.2	240 l græn tunna, sótt meira en 15 metra frá hirðubíl á 21 dags fresti	11.600
C.3	660 l grænt ker, sótt minna en 15 metra frá hirðubíl á 21 dags fresti	21.450
C.4	660 l grænt ker, sótt meira en 15 metra frá hirðubíl á 21 dags fresti	31.900

Gjaldi er ætlað að standa undir kostnaði við ílát, hirðu og förgun úrgangs.

Gjald fyrir *djúpgáma*:

Fyrir hverja *losun* á djúpgámi greiðist 5.421 kr./losun

Fyrir hvern rúmmeter af úrgangi eða endurvinnsluefnum sem losað er úr djúpgámi er greiðist skv. eftirfarandi:

Blandaður úrgangur: 2.760 kr./m³

Pappírsefni: 48 kr/m³

Plast: -532 kr/m³

Aðrir gjaldaliðir

Merkfir pokar fyrir tilfallandi umfram blandaðan úrgang: 870 kr./stk.

Merkfir pokar fyrir tilfallandi umfram pappírs- eða plastúrgang: 550 kr./stk.

Gjald fyrir aukalosun blandaðs úrgangs: 3.750 kr./ferð auk 1.115 kr./ílát sem losað er.

Gjald fyrir aukalosun pappírs- eða plastúrgangs: 3.750 kr./ferð auk 750 kr./ílát sem losað er.

Gjald fyrir aukalosun djúpgáma er skv. losunargjaldi djúpgáma hér að framan.

Gjald vegna reksturs endurvinnslustöðva: 11.930 kr./íbúð. Gjaldi vegna endurvinnslustöðva er ætlað að standa undir kostnaðarhlutdeild Reykjavíkurborgar í rekstri endurvinnslustöðva SORPU bs.

Umsýslugjald vegna breyttrar þjónustu, akstur og skráning íláta, er 3.200 kr. fyrir hvert sinn sem óskað er breytinga.

3. gr.

Um innheimtu gjalda fer samkvæmt 25. gr. laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir og 11. gr. laga nr. 55/2003 um meðhöndlun úrgangs. Gjöld samkvæmt gjaldskránni má innheimta með fjárnámi. Innheimtudeild Reykjavíkurborgar annast innheimtu gjalda skv. gjaldskrá þessari.

4. gr.

Gjalddagi gjalda skv. 2. gr. er útgáfudagur reiknings og eindagi 30 dögum síðar. Dráttarvextir reiknast frá gjalddaga, séu gjöld ekki greidd á eindaga.

5. gr.

Gjaldskrá þessi er samin og samþykkt af borgarráði Reykjavíkurborgar með heimild í 11. gr. laga nr. 55/2003 um meðhöndlun úrgangs og 5. mgr. 59. gr. laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir, með síðari breytingum og öðlast gildi við birtingu. Um leið fellur úr gildi gjaldskrá fyrir sorphirðu í Reykjavíkurborg, nr. 32/2018.

Borgarstjórinn í Reykjavík, XXXX.

Dagur B. Eggertsson



Umhverfis- og heilbrigðisráð Reykjavíkur

Borgartún 12-14
105 REYKJAVÍK

Tillaga að viðbótar gjaldaliðum í gjaldskrá um meðhöndlun úrgangs í Reykjavík - djúpgámar

Lögð er fram til samþykktar meðfylgjandi tillaga að gjaldskrá fyrir meðhöndlun úrgangs í Reykjavík. Við 2. gr. gildandi gjaldskrár er bætt eftirfarandi gjaldaliðum fyrir djúpgáma:

"Gjald fyrir djúpgáma:

Fyrir hverja losun á djúpgámi greiðist 5.421 kr./losun

Fyrir hvern rúmmeter af úrgangi eða endurvinnsluefnum sem losaður er úr djúpgámi greiðist skv. eftirfarandi:

Blandaður úrgangur: 2.760 kr./m³

Pappírsefni: 48 kr/m³


Plast: -532 kr/m³"

Innleiðing djúpgáma við sorphirðu í Reykjavík er komin vel á veg og tímabært að skilgreina sorphirðugjald fyrir djúpgáma, áður en fyrstu gámar verða teknir í notkun. Gert er ráð fyrir djúpgámum á helstu þéttingarreitum s.s. Vogabyggð, Rúv-reit, Hlíðarenda og Kirkjusandi. Einnig er unnið að innleiðingu djúpgáma við einstaka fjöleignarhús.

Í meðfylgjandi gjaldskrá er gert ráð fyrir að gjald verði innheimt pr. losun á djúpgámi og eins verði greitt fyrir hvern rúmmeter af úrgangi og endurvinnsluefnum sem losað er. Gert er ráð fyrir að íbúar geti valið hirðutiðni, vikulega, hálfsmánaðarlega, þriðju hverju viku o.s.frv. en hirðutiðni á blönduðum úrgangi fari þó ekki yfir 3 vikur sbr. samþykkt um meðhöndlun

úrgangs í Reykjavík. Við ákvörðun á rúmmetra gjaldi fyrir úrgang og endurvinnsluefni er tekið mið af gjaldskrá Sorpu og 80% nýtingu gáma við losun.

Virðingarfyllst,



Guðmundur B. Friðriksson
Skrifstofustjóri skrifstofu umhverfisgæða

Hjálagt:

Drög að gjaldskrá fyrir meðhöndlun í Reykjavík